



Fornleifaskráning vegna lagningar rafstrengs
frá Nesjavallavegi að tengivirki
við Heillisheiðarvirkjun



Bjarni F. Einarsson
2023

Forsíðumyndin sýnir garð á vegi línunnar (Fornleifar nr. 90:1. Horft mót NA. Ljósmynd
BFE 2023).

FORNLEIFAFRÆDISTOFAN

© Bjarni F. Einarsson
Unnið fyrir Orkufjarskipti
Apríl 2023

Inngangur

Að beiðni Orkufjarskipta kannaði Fornleifafræðistofan fornleifar á fyrirhugaðri leið rafmangsstrengs frá Nesjavallavegi að tengivirki Landsnets við Hellisheiðarvirkjun. Leiðin er sýnd á mynd 1.


Farið var í gegnum ýmsar heimildir svo sem eldri skráningarskýrslur og heimildir sem þar koma fram.

Allt svæðið var kannað á vettvangi og fór vettvangsvinna fram þann 6. apríl síðastliðinn. Veður var gott á meðan á vettvangsvinnu stóð. Allar fornleifar voru mældar inn með Trimble Juno T41/5 handmælitæki, bæði punktur og umfang/lína. Byrjað var á næsta lausa númeri í sveitarfélaginu eða fyrirbyggjandi númer fornleifa sem áður hafa verið skráðar notuð.

Niðurstaða fornleifaskráningarinnar er í töflu 1 auk meðfylgjandi fornleifaskrár og loftmyndar (mynd 2) með staðsetningu fornleifa.

Áður hafa verið gerðar nokkrar fornleifaskráningar á svæðinu. Fyrst 1997 (Bjarni F. Einarsson 1997), ári síðar (Orri Vésteinsson 1998) og aftur 2006 og 2009 (Bjarni F. Einarsson 2006 og 2009). Að síðustu mældi starfsmaður Minjastofnunar Íslands inn margar minjar á svæðinu árið 2008 og þar á meðal þær fornleifar sem hér eru til umfjöllunar. (minjastofnun.is).

Fulltrúi verkkaupa var Benedikt Haraldsson hjá Orkufjarskiptum.



Mynd 1. Yfirlit yfir leið rafmangstrengsins frá Nesjavallavegi að tengivirki Landsnets við Hellisheiðarvirkjun. Staðsetning fornleifanna er sýnd nákvæmar á mynd 2. (Loftmynd: Loftmyndir. Viðbætur: Orkufjarskipti - Fornleifafræðistofan).

Skráningin

Samkvæmt lögum um menningarminjar frá 2012 eru allar fornleifar friðaðar og sumar friðlýstar (Lög um menningarminjar 2012). Þeim má engin, hvorki landeigandi, framkvæmdaaðili né nokkur annar spilla, granda né úr stað færa, nema með leyfi Minjastofnunar Íslands (21. gr.).

Því eru allar þær fornleifar á könnunarsvæðinu sem og annarsstaðar og eldri eru en 100 ára, friðaðar skv. lögnum.

Nr	Teg	Fj	Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur	Minjagildi	Varðveislur	Friðlýst	Mótv
3	Garður	1	Rafmagnsl na	Mikil	Sæmilegt	1550 1900	Talsvert (6)	Talsvert (6)	Nei	Þversnið?
90	Reiðgötur	1	Rafmagnsl na	L til	Ágætt	1550 1900	L tið (3)	L tið (3)	Nei	Engar
		2				Meðaltal	4 5	4 5		

Tafla yfir hinar skráðu fornleifar á leið rafmangslínunnar. Hér er lagt mat á hættumat vegna fyrirhugaðra framkvæmda sem kunna að fylgja í kjölfarið á framkvæmdinni. Um viðvarandi hættu á minjunum óviðkomandi hinum fyrirhuguðu framkvæmdium kemur fram í fornleifaskrá.

Friðlýstum fornleifum fylgir 100 m friðhelgt svæði út frá ystu sýnilegu mörkum þeirra (22. gr). Engar friðlýstar fornleifar eru í nágrenni rannsóknarsvæðisins. Um friðaðar fornleifar er 15 m friðhelgað svæði umleikis samkvæmt sömu grein. Sú hefð hefur þó komist á að fara ekki of nærri fornleifum og taka tillit til eðlis þeirra og þarfa.

Samtals voru tvær fornleifar skráðar í tengslum við vettvangs-könnunina. Hvorugar minjanna töldust hafa hátt minja- og varðveislugildi. Önnur hafði talsvert gildi og hin lágt.

Við Draugatjörn að austan og sunnan eru nokkrar fornleifar sem sjá má á minjavefsjá Minjastofnunar Íslands. Þær eru allar utan áhrifasvæðis rafmangsstrengsins.



Mynd 2. Nákvæm staðsetning fornleifa á og við hinn fyrirhugaða rafmangsstreng. (Loftmynd: Loftmyndir. Viðbætur: Orkufjarskipti - Fornleifafræðistofan).

Þegar ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifa eða þær þarf að fjarlægja vegna fyrirhugaðra framkvæmda þarf að grípa til mótvægisáðgerða. Slíkar áðgerðir geta verið allt frá breyttri áætlun um framkvæmdir sem taka tillit til fornleifa (1. kostur), nákvæmari GPS staðsetningu og ljósmyndun að nákvæmri fornleifarannsókn. Rannsóknir á einfaldari fornleifum eins götum eru því sem næst tilganglausar nema ummerki um upphækkunir, brýr eða annað manngert sjáist í eða á þeim. Rannsóknir á gördum einskorðast yfirleitt af þversniðum þar sem gjóskulaga er leitað og efni og gerð skoðuð. Línan mun að óbreyttu liggja yfir nyrsta hlut garðsins, en þar er hann afar slitróttur og hugsanlega lítið eftir af honum. Að auki er þessi hluti í mýrarfláka sem gerir rannsókn erfiða sökum vatnsaga. Leita þarf leyfis Minjastofnunar Íslands í öllum tilfellum og stofnunin ákveður umfangið og setur þá skilmála sem henni kann að þykja nauðsynlegir.

Niðurstaða

Engar fornleifar voru taldar í hæsta minja- og varðveisluflokk. Einar voru í næst hæsta minja- og varðveisluflokk og í lægsta flokki voru einar. Allar teljast vera í einhverri hættu vegna hinna fyrirhuguðu framkvæmda á deiliskipulagsreitnum.

Hugsanlega er hægt að sneiða hjá fornleifum, en þar sem það er ekki hægt þarf stundum mótvægisáðgerða við. Bent er á að allar minjar sem eldri eru en 100 ára eru friðaðar og þeim fylgir 15 m friðhelgunarsvæði út frá ystu sýnilegum mörkum þeirra. Sjá nánar meðfylgjandi fornleifaskrá.

Varast ber að nýta svæðin í kringum fornleifar sem geymslustaði eða brautir fyrir vélar og tæki, eða efnisgeymslur af hverju tagi nema að leyfi Minjastofnunar Íslands komi til með eða án skilmála sem stofnunin kann að setja.

Heimildir

- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifakönnun á línustæði Búrfellslínu 3A. Vegna mats á umhverfisáhrifum*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 1997.
- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Ölkelduhálsi og Kolviðarhóli í Árnessýslu að Geithálsi og Straumsvík í Gullbringusýslu*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2006.
- Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulína frá Ölkelduhálsi að Helguvík í Reykjanesbæ*. Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2009.
- Fornleifaskrá*. Skrá um friðlýstar fornleifar. Fornleifanefnd - Þjóðminjasafn Íslands. Ágúst Ó. Georgsson tók saman. Reykjavík 1990.
- Lög um menningarminjar*. Nr. 80 29. júní 2012.
- minjastofnun.is Minjavefsjá.
- Oddgeir Hansson. Greinargerð um fornleifar á áhrifa- svæði Hellisheiðarvirkjunar. Stóra-Skarðsmýrarfjall, Ölkelduháls, Hverahlíð. Reykjavík 2003.
- Orri Vésteinsson. *Fornleifar á afrétti Ölfushrepps*. Fornleifaskráning á Hengilssvæðinu III. Árbæjarsafn, Fornleifastofnun Íslands. Reykjavík 1998.

Fylgirit:

Fornleifaskrá: Ölfus Nr.3:1 og 90:1.

Fornleifaskrá

1

Aðalnr.

Sýsla	Sveitarfélag	Núv. sveitarfél.	Hverfi	Aðalnr.
Árnessýsla	Ölfus	8717		3
Landareign	Mí.Nr	Heiti		Undirnr.
Kolviðarhóll				1

Skrásetjari	Dags.	GPS Staðsetning	Viðmiðun	M.y.s.	Skekka
Bjarni F. Einarsson	6.5.2023	E 382291 N 396266	Ísn 93	261	5

Tegund minja	Tilgáta/Niðurstaða	Verk	Fjöldi
Garður		Hell-Hel 09 Nesjavellir	1
Hættumat	Hætta	Ástand	Aldur
Ekkert	Engin	Sæmilegt	1550-1900
Í eyði	Tímab. hættumat	Tímab. hætta	Á kort?
-	Línulögn	Mikil	Nei
Minjagildi	Einkunn	Varðveislugildi	Einkunn 2
Talsvert	6	Lítið	6
Friðlýsa?	Friðlýst?	Hvenær	
Nei	Nei	-	

Lega og staðhættir

Garðurinn liggur utan um mýrarpart við Draugatjörnina. Liggur hann út frá tjörninni sunnanverðri og norðanverðri. Hann er um 30 - 40 m V af fornleifum nr. 2 (Sæluhúsinu).

Heimildir og munnmæli

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifakönnun á línustæði Búrfellslínu 3A. Vegna mats á umhverfisáhrifum.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík 1997.
Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskráning vegna mats á umhverfisáhrifum háspennulínu frá Ölkelduhálsi að Helguvík í Reykjanesbæ.* Fornleifafræðistofan. Reykjavík 2009.
minjastofnun.is Minjavefsjá.

Lýsing

Garður.

Úr hraungrjóti, 1 - 1,5 m breiður og 0,1 - 1 m hár. Garðurinn er allt að 300 m langur sunnan við Draugatjörnina og um 530 m norðan við hana. S - hluti hans liggur undir nýjum línuvegi (lagður 23/10 '97). Garðurinn er nokkuð sokkinn í mýrina sunnan við Draugatjörnina og hverfur þar að endingu um 300 m frá tjörninni, eða skammt þar hjá þar sem línuvegurinn fer yfir hann.

Með garðinum að sunnanverðu liggur gömul þjóðleið á kafla, sennilega framhald Hellisleiðarinnar og sú gata sem vörðurnar varða í næsta nágrenni. Norðan við Draugatjörnina liggur garðurinn áfram til norðurs og beygir svo að fjallinu þar sem hann hverfur svo í mýrarfláka. Hann er mjög ógreinilegur á um 50 m löngum kafla nyrst. Garðurinn getur hafa verið byggður í lok 19. aldar. GPS mælt þar sem línuvegur fer yfir.

Þann 29. sept. 2006 var grafa að vinna að skurðargreftri við garðinn. Hafði varða (Ölfus nr. 45) verið fjarlægð og uppmokstur verið settur upp að garðinum.

Athugasemdir

Línuvegur var lagður yfir garðinn þann 23/10 '97 án leyfis viðeigandi aðila. Væntanlega þó óskemmdur undir veginum. Skrásetjari skoðaði garðinn þann 22/10 '97 og þá var hann óskemmdur, en talsvert sokkinn í mýrina (fyrst skráður 24/10 '97). Síðar var hann skráður 2003 hjá FÍ undir númerinu ÁR-721:017. Laga verður uppmokstur við garðinn. Ef ekki er hægt að tryggja öryggi fornleifanna þarf að rannsaka þær með leyfi Fornleifaverndar ríkisins, sem setur þá skilmála sem nauðsynlegir kunna að þykja. Aftur skráður 22.05.2006.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Fuji FinePix S 7000

Aðalnr.

90

Undirnr.

1

Sýsla

Árnessýsla

Sveitarfélag

Ölfus

Núv. sveitarfél.

Hverfi

Landareign

-

Mí:Nr

Heiti

Skrásetjari

Bjarni F. Einarsson

Dags.

6.5.2023

GPS Staðsetning

E 382130,8 N 396914,8

Viðmiðun

Ísn 93

M.y.s. Skekkja

Tegund minja

Reiðgötur

Tilgáta/Niðurstaða

Verk

Nesjavellir

Fjöldi

1

Hættumat

Hætta

Ástand

Aldur

Í eyði

Tímab. hættumat

Tímab. hætta

Á kort?

Landeyðing

Talsverð

Ágætt

1550-1900

Línulögn

Lítill

Nei

Minjagildi

Einkunn

Varðveislugildi

Einkunn 2

Friðlýsa?

Friðlýst?

Hvenær

Lítið

3

Lítið

3

Nei

Nei

Lega og staðhættir

Yfir mýri, móa og hálsa.

Heimildir og munnmæli

minjastofnun.is Minjavefsja.

Lýsing

Reiðgötur.

Sjá má allt að 11-12 paldra á leiðinni á um 10 m breiðu svæði þar sem þær dreifa hvað mest úr sér á hinum kannaða kafla.

Svo virðist sem göturnar séu enn farnar!

Leiðin er illa blásin á stöku stað.

Starfsmaður Minjastofnunar Íslands hefur merkt leiðina yfir fjallið og alla leið að Þingvallavatni, auk annarra leiða sem tengjast þessari leið.

Teikning/ljósmynd



Ljósmynd



Ljósmyndari

Bjarni F. Einarsson

Filma nr./teg. myndar

Canon EOS M6

Athugasemdir

Ef ekki er hægt að tryggja öryggi gatnanna þarf að leita leyfis Minjastofnunar Íslands til að raska þeim og sæta þeim skilmálum sem stofnunin kann að setja.